

Nefndasvið Alþingis
Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis
Þórshamri v/Templarasund
150 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. Þ 122/166
komudagur 21.11.197

Reykjavík 19. nóvember 1997

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um rafræna eignarskráningu verðbréfa.

Í bréfi efnahags- og viðskiptanefndar dagsettu þann 07.11.97 óskar nefndin álits Verðbréfaþings Íslands á frumvarpi til laga um rafræna eignarskráningu verðbréfa. Stjórn Verðbréfaþings hefur fjallað um málið á fundi sínum og í kjölfar þess gerir VPÍ eftirfarandi athugasemdir við frumvarpið.

1. Í 2. gr. frumvarpsins er hugtakið eignarskráning skilgreint. Í skilgreiningunni kemur fram efnisregla á þá leið að eignarskráning að undangenginni loka-færslu verðbréfamiðstöðvar veiti skráðum eiganda lögformlega sönnun fyrir þeim réttindum sem hann er skráður eigandi að, sbr. IV. kafla frumvarpsins, um réttaráhrif skráningar o.fl..


Í skilgreiningunni er því að finna mikilvæga efnisreglu um réttaráhrif eignarskráningar, sem betur ætti heima í IV. kafla um réttaráhrif eignarskráningar o.fl. Þá er í samræmi við viðskiptabréfareglur að tala um lögformlega heimild en ekki sönnun.

Þá segir í 2. mgr. 16. gr að eignarskráning rafréfs í verðbréfamiðstöð skuli gagnvart skuldara jafngilda skilríki um eignarrétt að rafréfinu. Í verðbréfamiðstöð er ætlunin m.a. að skrá hlutabréf samanber ákvæði I. til bráðabirgða. Hlutfélög eru ekki skuldari gagnvart hluthöfum sínum í venjulegum skilningi þess orðs og því réttara að kveða á um að eignarskráning jafngildi skilríki gagnvart útgefanda.

Þannig gæti t.d. 2. mgr. 16. gr. frumvarpsins hljóðað

Eignarskráning rafréfs í verðbréfamiðstöð, að undangenginni lokafærslu verðbréfamiðstöðvar, veitir skráðum eiganda hennar lögformlega heimild fyrir þeim réttindum sem hann er skráður eigandi að og skal gagnvart útgefanda jafngilda skilríki um eignarrétt að bréfinu.

2. Í 2. mgr. 15. gr. frumvarpsins er fjallað um samráðsnefnd verðbréfamiðstöðva og Seðlabanka Íslands sem fjalla á um efndalok viðskipta. Í 3. tl. 2. gr. laga nr. 11/1993 um Verðbréfaþing Íslands sbr. lög nr. 22/1996 segir að hlutverk VPÍ sé m.a. að setja reglur um uppgjör viðskipta með tilliti til fjárhagsstöðu




þingaðila. Ljóst er að hér er um að ræða nátengd umfjöllunarefni, þ.e. hvernig uppgjör viðskipta með verðbréf sem eru/verða rafrænt skráð og skráð eru á VFI skuli háttáð. Það er álit VFI að hér eigi að vera um samvinnu að ræða milli VFI, Seðlabanka og verðbréfamistöðva. Myndi það augljóslega horfa til samræmingar og hagræðis. *Hér er því lagt til að VFI komi að því samráði sem kveðið er á um í 15. gr. og þannig verði stuðlað að samræmingu á þeim kröfum sem gerðar eru til aðila markaðarins um uppgjör/efndalok.*

3. Í 1. mgr. athugasemda við 16. gr. frumvarpsins segir í 2. msl. að ".....eftirfarandi framsöl njóta því aðeins **réttarverndar** að þau hafi öll verið **tilkynnt** til eignarskráningar hjá verðbréfamistöðinni". Þessi orð greinargerðar fara gegn ákvæðum 4. mgr. 16. gr. frumvarpsins þar sem kveðið er á um að réttaráhrif eignarskráningar teljist vera frá þeirri stundu sem lokafærsla hefur átt sér stað hjá verðbréfamistöð. Réttara væri að orð greinargerðar tækju mið af þessu ákvæði, þannig að *eftirfarandi framsöl njóti því aðeins **réttarverndar** að þau hafi verið eignarskráð í verðbréfamistöð, en réttaráhrif ósamrýmanlegra réttinda ráðist hins vegar af því hvenær beiðni hefur borist frá reikningsstofnun um skráningu þeirra í verðbréfamistöð.*

4. Í 2. msl. 16. gr. segir að óheimilt sé að gefa út viðskiptabréf fyrir **skráðum réttindum** samkvæmt rafréfi eða framselja þau og eru slík viðskipi ógild. Meginreglan samkvæmt viðskiptabréfareglum er sú að hlutabréfum fylgja öll réttindi sem kveðið er á um í hlutafélagalögum nr. 2/1995 með síðari breytingum, nema annað komi fram í samþykktum eða bréfinu sjálfu. Hvorki frumvarpið né kerfislýsing gera hins vegar ráð fyrir því að hægt verði að skrá öll réttindi eða takmarkanir (t.d. óbein eignarréttindi 3ja manns) á réttindum eignarskráðs rétthafa að rafréfum (hlutabréfum) í verðbréfamistöð. Hér mætti benda á ákvæði í samþykktum hlutafélags sem víkja frá meginreglum hlutafélagalaga, s.s. um að hlutum fylgi ekki forkaupsréttur eða hámark er sett á atkvæðisrétt hluthafa eins og tíðkast hjá hlutabréfasjóðum sem gefa út hlutabréf. Hið sama á við um óbein eignarréttindi s.s. þegar forkaupsréttur eða atkvæðisréttur er framseldur frá eignarskráðum rétthafa hlutabréfs til 3ja manns o.sfv. Það er því rétt að benda á þá nauðsyn að öll réttindi samkvæmt rafréfi, hverju nafni sem nefnast, fái st skráð í verðbréfamistöð. Um er að ræða "skilmála" bréfs sem eru í engu frábrugðnir skilmálum skuldabréfa.

*Hér er lagt til að á **reikning útgefanda hlutabréfa** verði hægt að skrá ákvæði samþykktá sem varða réttindi að bréfunum, rétt eins og gert er ráð fyrir að skrá í verðbréfamistöð á tæmandi hátt skilmála skuldabréfa sem skráðir verða á reikning útgefanda skuldabréfa. Jafnframt verði hægt að skrá á reikning rétthafa hlutabréfa sem gefin eru út sem rafréf óbein eignarréttindi 3ja manns, s.s. að framseldur hafi verið atkvæðisréttur eða forkaupsréttur samkvæmt bréfunum o.frv.*

5. Í 5. mgr. athugasemda við 16. gr. segir að **reikningsstofnun** sé skylt eftir beiðni að **eignarskrá** réttindi án tafar í verðbréfamistöð. Af frumvarpinu má ráða að eignarskráning fari fram í verðbréfamistöð, *samkvæmt beiðni frá*



reikningsstofnun. Orð greinargerðar fara þarna gegn frumvarpinu og er lagt til að greinargerð verði breytt til samræmis við ákvæði frumvarpsins.


6. Í 5. msl. 5. mgr. athugasemda við 16. gr. er fjallað um **dagbók verðbréfamiðstöðvar**. Hvergi í sjálfum texta frumvarpsins er minnst á umrædda dagbók, hvað skuli skrá í hana, þýðingu hennar og gildi. *Því vakna spurningar um hvað þarna er á ferðinni og hvort ekki er ástæða til að ákvæði um hana séu tekin upp í lagatextann og kveðið nánar á um hana.*
7. Vegna ákvæða 19. og 20. gr. um að mótbárur vegna lögræðisskorts tapist, skal á það bent að lögræðisskortur hefur verið talinn til svokallaðra sterkra mótbára sem tapast ekki gagnvart grandlausum framsalshafa samanber almennar viðskiptabréfareglur (sjá t.d. Ólafur Jóhannsson, Lög og réttur bls. 247 og 22. gr. lögræðislaga nr. 68/1984). Þessi regla hefur verið viðurkennd bæði í íslenskum og norrænum rétti almennt.

Hins vegar eru sambærileg ákvæði við 19. og 20. gr. frumvarpsins í dönskum lögum um verðbréfavíðskipti o.fl. (Lov om værdipapirhandel m.v.) nr. 1072 frá 20. desember 1995. Reglan þar í landi er hins vegar rökstudd á þá leið að *lögræðisskort megi ráða af skráningu í verðbréfamiðstöð, þannig að t.d. ef ólögráða aðili er skráður eigandi rafbréfs og ekki er um að ræða sjálfsaflafé, gjöf eða annað sem hann getur ráðstafað án samþykkis lögráðamanns, þá eru slíkar takmarkanir skráðar og hinum ólögráða óheimilt að framselja réttindi sín sem skráð eru, án samþykkis lögráðamanns.* Þetta kemur vel heim og saman við takmarkanir á réttindum manna til að ráðstafa réttindum sem skráð eru í verðbréfamiðstöð, t.d. vegna veðsetningar rafbréfa.

Veikar og sterkar mótbárur í viðskiptabréfareglum hafa löngum gengið m.a. út á það að veikar skuli þær teljast sem ráða má af bréfi og réttihafi á auðvelt með að skrá á bréfið sjálft en sterkar kallast þær ef honum er það ómögulegt, t.d. vegna fölsunar eða meiriháttar nauðungar. Eins og að framan greinir hefur lögræðisskortur flokkast undir sterkar mótbárur. Með tilkomu verðbréfamiðstöðvar er hægt að fyrirbyggja að aðili sem er ólögráða fyrir aldurs sakir stofni, framselji, taki við réttindum eða fullnægi skyldum án þess að reikningsstofnun eða verðbréfamiðstöð hafi möguleika á að ganga úr skugga um að viðkomandi sé lögráða t.d. strax og reikningur á nafni hans er stofnaður.

Rétt væri að taka fram í greinargerð að takmarkanir á eignarréttindum ólögráða réttihafa í verðbréfamiðstöð verði hægt að skrá sem óbein eignarréttindi og þar með megi ráða af eignarskráningu þá takmörkun og um leið hver hefur ráðstöfunarheimild fyrir hönd hins ólögráða. Af þeim ástæðum er ekki tilefni til að taka mótbárur vegna lögræðisskorts gildar, sem traustfangsreglur hafa þó hingað til viðurkennt sem mótbárur sem ekki tapast.

8. Í 19. og 20. gr. frumvarpsins eru meiriháttar nauðung og fölsun mótbárur sem ekki glatast gagnvart eignarskráningu. *Orðaröð í ákvæðum 19. og 20. gr. er ekki hin sama og færi betur á ef svo væri.*



9. Í lok 2. mgr., athugasemda við 20. gr. segir ".....Hafi skráður eigandi verið beittur meiriháttar nauðung eða sé um svik að ræða...." Í lagagreininni er ekki talað um svik heldur **fölsun** og hlýtur að vera um mistök að ræða við smíði athugasemdanna.

Einnig má benda á að í málsgreininni hljóti að vera átt við að skráður rétthafi eða annar, hafi beitt *áður skráðan rétthafa* meiriháttar nauðung eða um fölsun hafi verið að ræða, *þannig að sá sem hefur verið beittur meiriháttar nauðung eða orðið af réttindum vegna fölsunar, af hálfu skráðs rétthafa eða öðrum, er ekki lengur skráður rétthafi.*

10. Í 1. mgr. 22. gr. er fjallað um verðbréfamiðstöðina en réttara væri að tala um *viðkomandi verðbréfamiðstöð.*
11. Kveðið er á um skaðabótaábyrgð reikningsstofnana í 29. gr. frumvarpsins. Annars vegnar er talað um að reikningsstofnun beri ábyrgð á tjóni sem verður rakið til **mistaka af hennar hálfu**, en í lok ákvæðisins er ábyrgðin gerð viðtækari, þ.e. ábyrgð er fyrir hendi, þrátt fyrir að orsök tjónsins verði rakin til óhappatilvika. Hér er lagt til það orðalag *að reikningsstofnun beri ábyrgð á tjóni sem rekja má til starfsemi hennar.....þrátt fyrir að orsök tjónsins verði rakin til óhappatilvika.* Ákvæðið verður og í samræmi við ákvæði um ábyrgð verðbréfamiðstöðvar samkvæmt 28. gr.
12. Hvergi er tekið á þeim möguleika að verðbréf sem skráð eru í verðbréfamiðstöð verði afskráð, t.d. ef útgefandi fylgir ekki lögum eða reglum sem um skráninguna gilda eða hann ákveður að skipta um verðbréfamiðstöð (komi til þess að fleiri en ein verðbréfamiðstöð verði starfrækt hér á landi). Ástæða er til að fjalla um afskráningu, heimildir til að óska afskráningar og framkvæmd hennar, annað hvort í lögnum sjálfum eða reglugerð sem ráðherra hefur heimild til að setja.

Virðingarfyllst
f.h. Verðbréfaþings Íslands

Helga Hlín Hákonardóttir lögfr.